

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vesturbyggð Urðun Vatnseyrarhlíðum



<b>Dags eftirlits</b>	4.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Vesturbyggð	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Aðalstræti 63	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5106942369	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Árman Halldórsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	269508,137 575572,771

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og 4 frávik staðfest. Athugasemdin varðar skil á niðurstöðum vatnsmælinga. Frávikin varða staðfestingu á stöðugleika urðunarhaugs, aðgangsstýring er ekki nægileg, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun vantar. Mælingar á vatni frá urðunarstaðnum hafa farið fram og niðurstöður fyrir hluta efnispátta hefur borist Umhverfisstofnun. Starfsleyfi rennur út í desember og er unnið að endurnýjun þess, en ljóst er að ekki tekst að ljúka vinnslu þess áður en starfsleyfið rennur út.

### UMFANG EFTIRLITS

Á fundi var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, þá helst þá þætti sem ekki eru enn frágengnir og stöðu starfsleyfismála, en starfsleyfi rekstraraðila rennur út á þessu ári. Rætt var um mikilvægi góðrar umgengni og góðs skipulags á urðunarsvæðinu. Urðunarstaður í Vatnseyrarhlíðum var jafnframt skoðaður.

#### Frávik frá

Ákvæði 1.1 í starfsleyfi, en þar segir fyrir um heimila úrgangsflokka til urðunar. Timburúrgangur er ekki þar á meðal

#### Lýsing á fráviki

Á urðunarsvæðinu var nokkuð af timburúrgangi, að hluta hulinn með jarðefnum. Sama frávik var staðfest við síðasta eftirlit.

Ákvæði 3.2.4 í starfsleyfi. Skv. því skal aðgangur manna og skepna hindraður að staðnum.

Urðunarsvæðið hefur enn ekki verið girt af.

18. grein laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda sem kveður á um gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar (byggð á áhættumati). Bent var á sama frávik í síðasta eftirliti.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

Ákvæði 6, í viðauka reglugerðar nr.738/2003/urðun úrg. Rekstraraðili skal sjá til þess að urðunarhaugur sé stöðugur.

Ekki hefur verið sýnt fram á að stöðugleiki urðunarhaugs sé nægilegur. Á þetta hefur verið bent síðustu tvö ár í reglubundnu eftirliti og í eftirfylgnipósti Umhverfisstofnunar frá 3.5 sl. var farið fram á að stöðugleikamat lægi fyrir í ágústlok.

### ATHUGASEMDIR

Mælingar á vatni frá urðunarstaðnum hafa farið fram og hefur hluti niðurstaðna borist. Vinsamlega er minnt á að skila þeim niðurstöðum sem eftir eru.

## ANNAÐ

Starfsleyfi rekstraraðila rennur út 12.12.nk. Ljóst er að ekki tekst að ganga frá nýju starfsleyfi áður. Á fundi með rekstraraðila kom fram að hann hyggðist leggja urðun af þegar starfsleyfið rennur út og hefja hana ekki að nýju fyrr en undanþága eða nýtt starfsleyfi lægi fyrir. Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um hvenær vænta megi nauðsynlegra gagna fyrir vinnslu starfsleyfis.

Eins og greint var frá hér að ofan hafa frávik verið endurtekin frá síðasta ári. Umhverfisstofnun minnir á að þeir frestir sem rekstraraðili fékk til úrbóta eru liðnir. Ábyrgðartrygging, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunarhættu, áttu að berast Umhverfisstofnun fyrir 1.6.sl. og ljúka átti girðingavinnu á urðunarstað fyrir 15.8. sl. Girðingarefni hefur verið keypt og er ætlunin að girða svæðið nú í haust. Stöðugleikamat átti að liggja fyrir við eftirlit Umhverfisstofnunar nú.

Hins vegar hefur Umhverfisstofnun borist starfsleyfistrygging rekstraraðila og hluti niðurstaðna vatnsmælinga.

Reykjavík, 19.11.2012



Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.